

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar


Hildigunnur Halldórsdóttir

fiðluleikari

og

Anna Guðný Guðmundsdóttir

píanóleikari



16. júlí 1991 kl. 20:30

**Hildigunnur Halldórsdóttir** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1987 þar sem kennarar hennar voru Mark Reedman og Guðný Guðmundsdóttir. Síðan þá hefur hún stundað nám í Eastman School of Music í Rochester í Bandaríkjunum, þaðan sem hún lauk BM prófi í fyrravor. Nú er hún þar í framhaldsnámi í fiðluleik og með söng sem aukagrein. Aðal-kennarar hennar eru Catherine Tait, Jean Barr, félagar úr Cleveland kvartettnum, Abraham Loft og John Graham. Hildigunnur hefur leikið hér með Sinfóníuhljómsveit Æskunnar og með unglíngahljómsveitum á Norðurlöndum. Hún var um tíma í Íslensku Hljómsveitinni og hefur einnig komið fram með söngsveitinni Hljómeyki. Frá því Hildigunnur hóf nám í Bandaríkjunum hefur hún leikið í Eastman Philharmonia og farið með hljómsveitinni um Bandaríkin og Þýskaland.

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 og stundaði framhaldsnám við Guildhall School of Music í London. Hún er löngu landsþekkt sem einleikari og í samleik, bæði á tónleikum víða um land og í útvarpi og sjónvarpi. Hún hefur starfað með Íslensku Hljómsveitinni frá stofnun hennar, leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, haldið tónleika erlendis og leikið inn á hljómplötur. Hún kennir nú við Tónlistarskólann í Reykjavík.

## Efnisskrá

W. A. Mozart	Sónata í A-dúr KV 526 Molto allegro Andante Presto
Igor Stravinsky	Due Concertante Cantilène Eglogue I Eglogue II Gigue Dithyrambe
Henri Wieniawski	Légende op. 17 Scherzo - Tarantelle op. 16.